

**K J A R A S A M N I N G U R**  
**FJÁRMÁLARÁÐHERRA F.H. RÍKISSJÓÐS**  
**OG**  
**FÉLAGS ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA**  
**um þóknun til hljómlistarmanna**  
**fyrir hljóðfæraleik á leiksýningum, við æfingar og upptökur**  
**í Þjóðleikhúsi**

**1. Forgangsréttur til starfa**

---

1.1 Forgangsréttur.

Meðlimir í Félagi íslenskra hljómlistarmanna skulu hafa forgangsrétt til alls hljóðfæraleiks í leiksýningum á vegum Þjóðleikhúsins. Undanskilin forgangsrétti þessum eru þó leikhljóð sem ekki teljast listrænn hljómlistarflutningur. Veita má undanþágu frá ofan nefndu ákvæði um forgangsrétt ef um gestasýningar er að ræða eða ef eigi fæst innlendir hljómlistarmaður til starfans.

1.2 Skriflegur ráðningarsamningur.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hvern hljómlistarmann áður en æfingar hefjast. Ráðningarsamningur skal gerður í því formi sem aðilar verða ásáttir um. Þjóðleikhúsinu ber að tilkynna FÍH bréflega hvaða hljómlistarmenn eru ráðnir í viðkomandi sýningu. FÍH skuldbindur sig til að fullgildir meðlimir þess haldi samning þennan.

**2. Um kaup og kostnaðargreiðslur**

---

2.1 Tímakaup.

Tímakaup hljómlistarmanna er sem hér segir:

	kr.
Fullgildur	1358
Leiðandi maður*	1494
Konsertmeistari	1629

*\* Leiðandi maður telst sá sem leiðir hóp hljómlistarmanna innan sama hljóðfæris eða sá sem er einn með sitt hljóðfæri.*

Hljómsveitarstjóri sem tekur þátt í tónlistarflutningi, fær greitt 50% álag á það kaup sem hann ella hefði fengið greitt sem hljóðfæraleikari.

2.1.1 Tímakaup skv. gr. 2.1 hækkar á samingstímanum sem hér segir:

1. janúar 2002	3%
1. janúar 2003	3%
1. janúar 2004	3%

2.1.2 Orlofs- og desemberuppbætur eru innifaldar í tímakaupi skv. gr. 2.1. (Vægi þeirra á samingstímabilinu er reiknað 1,92%)

2.2 Leiki hljómlistarmaður á tvö hljóðfæri á æfingu og sýningu, skal greiða honum 15% álag á launalið skv. 2.1. Leiki hann á fleiri en tvö hljóðfæri á æfingu og sýningu, skal álag þetta vera 25% alls.

2.3 Hljóðfæragjald, fatagjald.

Hljómlistarmanni ber að leggja sér til hljóðfæri og íklæðast viðeigandi fötum. Vegna þessa skal greiða hljómlistarmönnum sérstakt hljóðfæragjald að stofni til fjárhæð 1.620 kr. fyrir hverja æfingu og sýningu og fatagjald að fjárhæð 405 kr. fyrir hverja sýningu. Gjald þetta miðast við vísitölu neysluverðs án húsnæðis í mars 2001, 202,5 stig, og skal taka breytingum skv. henni á sama tíma og kauptaxti breytist.

Lágmarkshljóðfæragejald skal þó ekki vera lægra en kr. 2.000 fyrir eitt hljóðfæri. Fyrir hvert hljóðfæri umfram eitt greiðist til viðbótar 50% af framangreindu stofnhljóðfæragejaldi skv. fyrri mgr. fyrir hverja æfingu og sýningu.

- 2.4 Kammerhópur.  
Greiða skal sérstakt álag er nemi einni klst. á tímakaupi leiðandi manns þegar um kammerhóp er að ræða, þ.e. 13 hljómlistarmenn eða færri, og verkefnið gera óvenjumiklar kröfur. Barnasýningar geta ekki fallið undir þetta ákvæði.
- 2.5 Stórhátíðaálag  
Á stórhátíðum greiðist 25% álag á kaup.
- 2.6 Orlofsfé og atvinnurekendagiöld.  
Á ofangreint tímakaup reiknast:
1. 10,17% orlofsfé
  2. 1% sjúkrasjóðsgjald
  3. 0,25% orlofsheimilásjóðsgjald
  4. 10% lífeyrissjóðsgjald er skiptist þannig:  
4% greiðir viðkomandi hljómlistarmaður, 6% greiðir launagreiðandi.

### **3. Um vinnutíma**

---

- 3.1 Æfingar.  
Fyrir æfingar, að meðtalinni heimavinnu, greiðist með eftirfarandi hætti:  
Fyrir 3,0 klst. æfingu greiðist 4,5 tímar  
Fyrir 3,5 klst. æfingu greiðist 5,0 tímar  
Fyrir 4,0 klst. æfingu greiðist 5,5 tímar  
Standi æfing lengur en 4 klst., greiðist fyrir þann tíma sem umfram er næturvinnukaup með 33% álagi.  
Hljómlistarmanni ber skylda til að mæta a.m.k. 15 mínútum fyrir æfingar til vinnu.
- 3.2 Leiksýningar.  
Fyrir hverja leiksýningu greiðast 4 klst. auk 1 klst. fyrir heimavinnu.  
Þurfi hljómlistarmaður að íklæðast leikbúningi eða undirgangast fördun í því skyni að koma fram á leiksviði, greiðist honum 1 klst. aukalega fyrir hverja sýningu/æfingu.  
Ljúki hljóðfæraleykur innan 1,0 klst. frá því að hann hefst, greiðast 3 klst. auk 1 klst. fyrir heimavinnu. Sama gildir þótt hljóðritun hljómlistarmanns sé notuð síðar í leikritinu.  
Standi leiksýning lengur en í 3 klst. og 10 mínútur, skal greiða 1/2 klst. aukalega fyrir hverja byrjaða 1/2 klukkustund eftir það.  
Hljómlistarmanni ber skylda til að mæta a.m.k. 20 mínútum fyrir leiksýningar til vinnu.  
Ekki kemur til frekari greiðslu þótt sýning tefjist vegna fagnaðar áhorfenda, klapps o.s.frv.
- 3.3 Hvíldir á æfingum.  
Hvíldir á æfingum verði með svofelldum hætti:  
Standi æfing í 2 tíma, skal taka 10 mínútna hvíld.  
Standi æfing í 3 tíma, skal taka 15 mínútna hvíld.  
Standi æfing í 4 tíma, skal taka 20 mínútna hvíld.  
Skipta má hvíldum ef aðilar eru sammála um það.  
Á æfingum þar sem eingöngu fer fram hljóðfæraleykur, skal heimilt að bæta 5 mínútum við ofangreindar hvíldir í hverju tilviki fyrir sig.  
Hljómlistarmaður skal mæta stundvíslega til æfinga að loknum hvíldartíma.

### **4. Hljóðritanir**

---

- 4.1 Notkun hljóðritana.  
Fyrir notkun hljóðritana í leiksýningu greiðist hljómlistarmanni 30% af sýningarkaupi. Ef hljóðritun er eingöngu notuð á undan leiksýningu (forleikur) og tónlistin óháð leikritinu sjálfu, greiðist 20% af sýningarkaupi. Fáir hljómlistarmaður greitt sýningarkaup, sbr. grein 2.2, skal ekki jafnframt greiða honum fyrir notkun hljóðritunar í leiksýningunni.

- 4.2 Óheimil notkun hljóðritana.  
Óheimil er notkun hljóðritunar eftir að verkfall hefur verið boðað. Óheimil er notkun hljóðritunar á æfingum án leyfis hljómlistarmanns.
- 4.3 Æfing fyrir hljóðritun.  
Fyrir æfingu vegna hljóðritunar greiðast 4 klst.

## **5. Ferðalög**

---

- 5.1 Greiðslur á ferðalögum.  
Sé hljómlistamaður ráðinn til vinnu utan Reykjavíkur, skal honum greitt með svofelldum hætti:
1. Dagsferðir: Tímakaup meðan á ferðalagi stendur.
  2. Sýningarferðir um landið: Miða skal við dagkaup skv. eftirfarandi:
- Hljómlistarmenn taki laun skv. lfl. 631-B05-3 þrepi
- Auk þess greiðist 3 yfirvinnustundir hvern virkan sýningardag. Á laugardögum og sunnudögum greiðist 8 yfirvinnustundir.
- Þótt hljómlistarmaður komi fram á sviði í leikbúningi eða farðaður, greiðist það ekki sérstaklega í sýningarferðum.
- 5.2 Hljóðfæra- og fatagjald.  
Um greiðslu hljóðfæra- og fatagjalds á sýningarferðum fer skv. gr. 2.2-2.3.
- 5.3 Fæði og gisting.  
Á ferðalögum skulu hljómlistarmenn fá ókeypis fæði og gistingu eins og tíðkast hjá opinberum starfsmönnum.

## **6. Ýmis ákvæði**

---

- 6.1 Boðun og afboðun æfinga.  
Að jafnaði skal boða æfingar með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og afboða með 24 klst. fyrirvara. Nú er sýning ekki afboðuð með umsömdum fresti og skal þá greiða hljómlistarmanni tímakaup í 2 klst. Þetta gildir þó ekki ef um algerlega óviðráðanlegar orsakir er að tefla og hljómlistarmanni er gert viðvart í tíma. Náist ekki í hljómlistarmann og hann mætir reiðubúinn að hefja störf, greiðist tímakaup skv. 1. málslíð þessa ákvæðis.
- 6.2 Greiðsla leikaralauna.  
Hefji hljómlistarmaður æfingar um leið og leikarar, má með samþykki hans greiða honum leikaralaun. Greiðsla leikaralauna er háð samþykki FÍH. Sýningarkaup skal þó eigi vera lakara en samningur þessi kveður á um.
- 6.3 Flutningur á stórum hljóðfærum.  
Fyrir flutning á stórum hljóðfærum, s.s. kontrabassa, trommusetnum o.s.frv., milli heimilis og vinnustaðar greiðist skv. framvísuðum reikningi.
- 6.4 Útvarps- og/eða sjónvarpsupptökur.  
Heimilt er Þjóðleikhúsi að láta útvarpa og/eða sjónvarpa allt að 12 mínútum upptökum af æfingu eða leiksýningu í kynningarskyni endurgjaldslaust ef hljómlistarmaður þarf ekki að mæta sérstaklega. Upptökum þessum skal lokið eigi síðar en 4 klst. eftir að sýning hófst.

## **7. Tryggingar**

---

- 7.1 Tjón á hljóðfæri.  
Þjóðleikhúsið skuldbindur sig til að bæta tjón sem verður á hljóðfærum í eigu hljómlistarmanna meðan á leiksýningum og æfingum stendur vegna þjófnaðar og skemmda og gildir það einnig um tjón sem þriðji aðili (óviðkomandi) veldur. Sama gildir um hljóðfæri sem Þjóðleikhúsið samþykkir að taka í geymslu fyrir hljómlistarmenn meðan á leiksýningum stendur. Hljómlistarmaður skal tilkynna Þjóðleikhúsinu um tjónið strax og við verður komið.

7.2 Tjón á persónulegum munum.  
Verði hljómlistarmaður sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, s.s. úrum, gleraugum o.s.frv., skal það bætt samkvæmt mati.  
Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Eigi skal bæta tjón ef það verður vegna gáleysis eða hirðuleysis hljómlistarmannsins.

7.3 Atvinnuslysstryggingar.  
Um atvinnuslysstryggingar hljómlistarmanna fer skv. gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og VMSÍ.

## **8. Veikindi og vinnuslys**

---

8.1 Vinnuslys eða atvinnusjúkdómur.  
Í hverju slysa- eða sjúkdómstilfelli sem orsakast við vinnu eða af henni, greiði Þjóðleikhús æfinga/sýningakaup í 4 vikur. Hljóðfæragjald og fatagjald greiðast ekki í veikindum.  
Vinnuveitandi skal kosta flutning hins slasaða til heimilis eða sjúkrahúss og endurgreiða honum eðlilega útlagðan kostnað í allt að 4 vikur í hverju tilfelli, annan en þann sem almannatryggingar greiða.

8.2 Veikindaréttur.  
Í veikindatilfellum öðlast hljómlistarmaður eitt sýningarkaup, eins og það kann að vera á hverjum tíma, fyrir hverjar 40 klst. sem hann hefur unnið í Þjóðleikhúsi eða í þágu þess. Þó skal aldrei greitt fyrir fleiri en 10 sýningar í hverju tilfelli.  
Veikindi ber að sanna með læknisvottorði, sé þess krafist.

## **9. Gildistími**

---

9.1 Gildistími.  
Kjarasamningur þessi gildir frá 1. mars 2001 til 30. nóvember 2004 og framlengist síðan um 3 mánuði í senn, verði honum ekki sagt upp með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót.

9.2 Atkvæðagreiðsla um samninginn.  
Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur m.s.b. Atkvæðisrétt um samning þennan eiga eingöngu þeir félagsmenn FÍH sem nú eru ráðnir við Þjóðleikhúsið.  
Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu fyrir kl. 15:00 þann 2. maí n.k., skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 11. apríl 2001

F.h. samninganefndar ríkisins  
með fyrirvara um samþykki  
fjármálaráðherra

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna  
með venjulegum fyrirvara

**BÓKANIR MEÐ SAMKOMULAGI**  
**FJÁRMÁLARÁÐHERRA F.H. RÍKISSJÓÐS**  
**OG**  
**FÉLAGS ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA**

**um þóknun til hljómlistarmanna  
fyrir hljóðfæraleik á leiksýningum,  
við æfingar og upptökur í Þjóðleikhúsi  
undirritaðum 11. apríl 2001**

**Bókun 1**

Þjóðleikhúsið og Félag íslenskra hljómlistarmanna eru sammála um að kanna möguleika á gerð samnings um rétt Þjóðleikhússins, umfram rétt skv. gr. 6.4, til að láta taka upp sýningar hússins á myndband eða annan miðil og nota þær að hluta eða öllu leyti til útgáfu og til flutnings í hljóðvarpi og sjónvarpi. Í vinnu þessari verði m.a. könnuð viðhorf annarra eigenda höfundar- og flutningsréttar að sýningum hússins.

**Bókun 2**

Aðilar munu í sameiningu kanna niðurstöðu vinnuhóps á vegum fjármálaráðuneytisins sem bókað var um 1994 og ætlað var m.a. að fjallaði um skattalega meðferð hljóðfærapeninga.